



**MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI**

**Schola Akureyrensis**

---

## **Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2002-2003**

**Alma Oddgeirsdóttir  
Anna Sigríður Davíðsdóttir  
Frímann Stefánsson  
Guðjón H. Hauksson  
Jón Már Héðinsson**

## Efnisyfirlit

Starf sjálfsmatsnefndar í Menntaskólanum á Akureyri skólaárið 2002-2003.....	2
Heildarniðurstöður úr Framhaldsskólarýni – styrkur, veikleikar og tillögur til úrbóta.....	9
Samantekt á helstu veikleikum og styrkleikum skólans.....	4
Úrbætur.....	20
Næstu skref í sjálfsmatinu.....	21

Fylgiskjal 1	Verkátun sjálfsmatsnefndar 2002-2005
Fylgiskjal 2	Gagnalisti
Fylgiskjal 3	Greinargerð úttektaraðila

## **Starf sjálfsmatsnefndar í Menntaskólanum á Akureyri skólaárið 2002-2003**

Sjálfsmatsnefnd í MA fyrir skólaárið 2002-2003 skipuðu Alma Oddgeirsdóttir, Anna Sigríður Davíðsdóttir, Frímann Stefánsson, Guðjón H. Hauksson og Jón Már Héðinsson.

Í september og október kynnti nefndin sér aðferðir nokkurra annarra framhaldsskóla við sjálfsmat. Halldór Árnason kynnti auk þess Kanna fyrir nefndinni en það er sjálfsmatskerfi sem er notað í sumum leikskólum og grunnskólum Akureyrarbæjar. Sjálfsmatsnefndin ákvað að lokum að prófa að nota Framhaldsskólaryni við sjálfsmatið í MA. Framhaldsskólarynirinn er altækt sjálfsmatskerfi, sniðið fyrir íslenska framhaldsskóla og hefur Menntaskólinn á Akureyri tekið þátt í að þróa þetta kerfi sem er hannað af Benedikti Sigurðarsyni og Stefáni Jóhannssyni. Benedikt Sigurðarson var nefndinni til ráðgjafar við notkun Framhaldsskólarynisins.

Í október og nóvember gerði sjálfsmatsnefndin verkáætlun til júní 2005 (sjá viðauka). Verkáætlunin var síðan kynnt og rædd á kennarafundi.

Í lok nóvember var seinni helmingur SVÓT-greiningarinnar lagður fyrir starfsfólk MA. Búið var að taka fyrir helstu styrkleika og veikleika skólstarfsins en eftir að fjalla um ógnanir og tækifæri í ytra umhverfi skólans. Í þetta sinn höfðu allir starfsmenn stofnunarinnar kost á að taka þátt í matinu. Unnið var úr SVÓT-greiningunni í desember og janúar og helstu niðurstöður kynntar á þorrastefnu í lok janúar (sjá nánar í skýrslu um ógnanir og tækifæri).

Í febrúar 2003 gerði menntamálaráðuneytið úttekt á sjálfsmatsaðferðum Menntaskólans á Akureyri. Niðurstöðurnar hafa verið kynntar skólameistara og eru á þá leið að sjálfsmat í MA sé fullnægjandi að hluta (sjá viðauka).

Í febrúar, mars og apríl vann nefndin í Framhaldsskólaryninum. Fyrst var unnin listi yfir helstu gögn sem nefndin ætlaði að nota til þess að byggja mat sitt á (sjá viðauka). Síðan svöruðu starfsmenn spurningakönnun í Skólaryni og nefndin notaði þá spurningakönnun auk annarra gagna til þess að skrá helstu veikleika og styrkleika í skólstarfi MA. Auk þess voru settar fram tillögur til úrbóta. Lokaskýrsla var skrifuð í júní.

## Heildarniðurstöður úr Framhaldsskólaryni – styrkur, veikleikar og tillögur til úrbóta

### A Yfirstjórn

#### A1 Frumkvæði um stjórnun

##### A101 Forysta skólameistara/rektors

- Styrkur:** Flestir reikna með forystu skólameistara og flestir telja að hann veiti slíka þjónustu. Hann kemur fram með hugmyndir og gerir tillögur um úrbætur (FS-rýnir). Skólameistari sýnir þor (SV-greining). Skólameistari sameinar fólk (SV-greining).
- Veikleiki:** Sv. Framhaldsskólaryni telja nokkrir að skólameistari kalli ekki sérstaklega eftir frumkvæði annarra og þátttöku í umræðu og námi. Sama má segja með hvort skólameistari leggi til þekkingu og gefi öðrum hlutdeild í henni. Stjórnendur hafa tilhneigingu til að deila og drottna (ÓT-greining). Almennir kennarar hafa of lítil áhrif á stjórnun og starfshætti skólans. Á kennarafundum eru mál sjaldan rædd ofan í kjölinn (SV-greining).
- Úrbætur:** Skólameistari mætti kalla eftir frumkvæði og þátttöku annarra í meira mæli en nú er gert.

##### A102 Framtíðarsýn stjórnenda

- Styrkur:** Skólameistari leggur fram sýn á þróun skólans og markmið starfsemi. Skólameistari miðlar framtíðarsýn til skólasamfélagsins. Metnaðarfull framtíðarsýn. Skýr markmiðssetning.
- Veikleiki:** Skriflega framtíðarsýn stjórnenda skólans vantar.
- Úrbætur:** Skýr og sýnileg framtíðarmarkmið stjórnenda skólans.

##### A103 Starfsmarkmið stjórnenda

- Styrkur:** Skýr markmiðssetning stjórnenda. Stjórnendur virkir að sérmennta sig. Markmið stjórnenda metnaðarfull.
- Veikleiki:** Skólasamfélagið ekki sérlega meðvitað um starfsmarkmið skólameistara og stjórnenda.
- Úrbætur:** Sýnileg starfsmarkmið skólameistara og annarra stjórnenda.

#### A104 Metnaður skólans

- Styrkur:** Skólameistari sýnir metnað í starfi (FS-rýnir)  
Starfsmönnum almennt ljóst hver er metnaður skólameistara (FS rýnir)  
Skólanum er vel stjórnað (SV- greining)
- Úrbætur:** Skólameistari mætti miðla enn betur metnaði sínum fyrir hönd stofnunarinnar til nemenda og foreldra þeirra.

#### A105 Samstarf stjórnenda

- Styrkur:** Stjórnendur vinna vel saman, sýna áhuga og metnað (SV-greining)
- Veikleiki:** Vaxandi sundrung meðal efstu stjórnar skólans (ÓT-greining)
- Úrbætur:** Verkaskipting mætti vera enn skýrari og þyrfti að kynna betur fyrir starfsmönnum og nemendum skólans

#### A106 Virkni stjórnenda

- Styrkur:** Skólameistari sýnilegur og aðgengilegur (FS- rýnir).  
Stjórnendur virkir í að vekja mál (FS-rýnir).  
Stjórnendur virkir að halda fram upplýs. Og nýrri þekkingu(FS-rýnir).  
Stjórnendur skila einbeittu starfi (FS -rýnir).  
Í heild er skólanum vel stjórnað (SV-greining).

#### A107 Viðmót stjórnenda

- Styrkur:** Flestir telja skólameistara virka hvetjandi , að stjórnendur mæti nem., kennurum og foreldrum með jákvæðum hætti og að skólameistari sé kröfuharður við sjálfan sig (FS-rýnir)
- Veikleiki:** Stjórnendur beita ekki umbun og hrósi með áhrifaríkum hætti.  
Skiptar skoðanir um hvort skólameistari hafi jákvæða nærveru (skólarýnir).
- Úrbætur:** Stjórnendur þurfa að vera meðvitaðri um að hrósa og umbuna starfsfólki fyrir vel unnin verk.

## A2 Túlkun - stefnumörkun

#### A201 Túlkun laga og reglugerða

- Styrkur:** Flestir telja starfshætti skólans í góðu samræmi við ákvæði gildandi laga og að skólasamfélagið sé meðvitað um þá ábyrgð sem felst í túlkun og framkv.... (FS-rýnir)
- Veikleiki:** Allmargir telja sig ekki hafa aðgang að kynningu og umræðu innan skólans um innihald laga og reglugerða, sem og aðgang að virkum samskiptavettvangi til að meta framkvæmd gildandi laga.

#### A202 Túlkun námskrár

- Styrkur:** Námsframboð og fyrirkomulag kennslu í góðu samræmi við ákvæði gildandi námskrár (FS-rýnir)
- Veikleiki:** Allnokkrum ekki kunnugt um áform eða markvissar úrbætur á kennslu og kennsluáðstæðum (FS - rýnir).  
Ofuráhersla á námskrá í stað þess að rækta sérkenni og sérstöðu skólans og vinna áfram á þeim grunni sem gefið hefur góða raun (SV-greining).  
Skv. ÓT-greining nefna nokkrir að nýja námskráin sé ógnun við skólastarfið s.s. Vegna þess að dregið hafi úr vægi raungreina, hún ógni bekkjarkerfinu, geri skipulagningu námsins flóknari og að nemendur geti komist hjá því að taka erfiða áfanga.
- Úrbætur:** Að marka skólanum sérstöðu enn frekar en nú er gert.  
Það þarf að útskýra á vef skólans hvað skólanámskrá er og hvernig hún hefur þróast.

#### A203 "Einkunnarorð" (mission)

- Styrkur:** FS-rýnir kemur almennt vel út
- Veikleiki:** Allnokkrir telja sig ekki hafa greiðan aðgang að rökræðu um túlkun og innihald mismunandi hugmyndafræði í skólastarfi
- Úrbætur:** Auka umræðu um hugmyndafræði í kennslu og efna til námskeiða er snerta þetta málefni

#### A204 Stefnumörkun um kennsluhætti

- Styrkur:** Fleiri telja að það liggja fyrir af skólans hálfu hvernig þjónusta hans skal koma til móts við breytilegar þarfir nemenda og að skólinn standi við ákvæði laga um framboð á námi og sérþjónustu við fatlaða (FS-rýnir).  
Í SV greiningu nefna margir að nemendur fái góða þjónustu hvað varðar stoðkerfi skólans.
- Veikleiki:** Skv. FS-rýni telja fáir sig eiga aðgang að skilgreiningu á umboði og frelsi kennara varðandi t.d. val á efni, aðferð og ábyrgð á námsmati. Sömuleiðis að kennarar, nemendur og foreldrar hafi aðgang að umræðu um ábyrgðarsvið kennara og ákvörðunum.  
Í SVÓT- greiningu koma fram að það væri ógnun við skólarfið að of mikil áhersla væri lögð á að þjónusta nem. sem þyrftu á sérúræðum að halda.
- Úrbætur:** Aukin umfjöllun um ábyrgð kennara hvað varðar námsmat, val á aðferðum, efni o.fl.  
Gera stefnumörkun hvað varðar nem. með sérþarfir sýnilegri.

#### A205 Skipulagning skólareynslu og félagsstarfs

- Veikleiki:** Kemur illa út í FS-rýni - lítil tengsl við aðila utan skólans
- Úrbætur:** Í SVÓT könnun nefna allmargir að í tenglum auknum tengslum við atvinnulíf og aðra skóla felist tækifæri fyrir skólann. Spurning um að útfæra það nánar og skipa nefnd til að koma fram með tillögur þar að lútandi.

**A206 Starfsheimildir skólans**

**Styrkur:** FS rýnir kemur nokkuð vel út hvað þetta varðar - þó síst hvað varðar ákvarðanir rekstraraðila.

**A207 Kjarasamningar - vinnuskilmálar**

**Styrkur:** Einhver umræða í kennarafélaginu um kjaramál

**A208 Rekstrarskilyrði skólans (fjármögnun/sjálfstæði)**

**Styrkur:** Í SVÓT greiningu er nefnt að reikilíkan framhaldsskólanna geti orðið til þess að skólinn auki tekjur sínar og að í því felist meira fjárhagslegt sjálfstæði. Heimavistin er dæmi um útvíkkaða þjónustu

**Veikleiki:** Svör við spurningum í FS rýni eru fremur neikvæð. Í SVÓT greiningu kemur fram mikil óánægja með fjárhag skólans og er hann talinn helsta ógnunin við skólastarf framtíðarinnar. Nefnt er að reiknilíkan Fjármálaráðuneytis skammti skólanum og naumt fé, viðvarandi rekstarhalli, fjársveldi og fjárskortur.

## **B Starfskenning**

### **B1 Fagmennska**

**B101 Starfsþekking (menntun kennara)**

**Styrkur:** Starfsmenn virðast hafa nokkra trú á starfsmenntun félaga sinna (gæti þó verið mun betra)  
Skólinn og skólasamfélagið virðast láta sér nokkuð annt um starfsþekkingu starfsfólks  
Starfsfólk telur lögbundna skilmála um menntun starfsfólks vera uppfyllta

**Veikleiki:** Fólk er mjög á báðum áttum um það hvort skólinn hafi markvissa stefnu um uppfærslu á starfsþekkingu með nýráðningum og endurmenntun.  
Skortir endurmenntunaráætlun.

**Úrbætur:** Ráðning endurmenntunarstjóra nauðsynleg - er í bígerð.

**B102 Þekking á kennsluaðferðum - reynsla**

**Styrkur:** Þessi þáttur kemur mjög vel út í FS. Svarendur telja að kennarar hafi sérþekkingu á sínum sviðum og kennslufræði.  
Námsframboð og fjölbreytni í kennsluaðferðum virðist standast lagaskilmála og námskrár.  
Skólasamfélagið er mjög meðvitað um að starfsþekking kennara sé mikilvæg fyrir árangur af starfi nemenda.

Þetta helst mjög í hendur við SV-greiningu 2002 þar sem fram kom að helsti styrkleiki skólans væri starfsfólkið sjálft. Þótt það væri vissulega í víðari skilningi en hér kemur fram.

**Veikleiki:** Fólk er frekar tvístígandi um markvissa stefnu skólans varðandi eflingu á starfshæfni kennara (sjá B101)

#### **B103 Meðvituð ábyrgð starfsmanna**

**Styrkur:** Svarendur hafa mikla trú á því að starfsmenn geri sér góða grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir starfi þeirra

**Veikleiki:** Liðir c) og d) taka á samvinnu skólans við aðila utan skólans. Svarendur telja skólann ekki kalla sérstaklega eftir því að nemendur, foreldrar og hagsmunaaðilar taki þátt í að móta tiltekna ábyrgðar- og verkaskiptingu. Samvinnu við foreldra og hagsmunaaðila virðist vera ábótavant.

**Úrbætur:** Stofnun foreldrafélags við skólann

#### **B104 Áætlanagerð um starfsemi - kynning**

**Styrkur:** Þessi liður kemur mjög sterkur út alls staðar

**Veikleiki:** Hugsanlega má birta þessar þróunaráætlanir með skýrari hætti og kynna þær starfsmönnum

**Úrbætur:** Endurnýja þarf áætlanir með reglulegu millibili  
Kynningu og birtingu áætla þarf að bæta

#### **B105 Nýsköpun - markvisst umbótastarf**

**Styrkur:** Skólinn virðist hafa frumkvæði að virku nýsköpunarstarfi og virðist styðja við frumkvæði starfsmanna til nýsköpunarstarfs.  
Í SVÓT-greiningu kemur fram trú fólks á tækifæri sem skapast af UST.  
Málstofur hafa verið haldnar til að starfsfólk geti sagt frá verkefnum sem það hefur unnið (á sviði UST).

**Veikleiki:** Skólinn virðist síður leita eftir viðurkenningu á og stuðningi við nýsköpun hjá skólayfirvöldum og styrktaraðilum  
Reynslu er frekar illa haldið til haga og er lítið miðlað til annarra skóla og til nýrra starfsmanna

**Úrbætur:** Yfirsýn yfir styrkjakerfi vegna nýsköpunar nauðsynleg  
Halda þarf reynslu af nýsköpunarstarfi til haga  
Miðla þarf reynslunni til annarra skóla  
Mjög mikilvægt er að miðla reynslu til nýs starfsfólks

#### **B106 Mat á skólastarfinu**

**Styrkur:** Skólinn kemur vel út úr þessum lið.

**Úrbætur:** Innramat er að taka á sig fasta mynd.



**B107 Endurnýjun í starfi - (PD)**

- Styrkur:** Svarendum þykja stjórnendur hafa góða menntun á sviði kólastjórnunar eða uppeldis - og menntunarfræða.  
Talið er að skólasamfélagið styðji menntunarviðleitni starfsmanna almennt.
- Veikleiki:** Endurmenntun starfsmanna ekki í lagi  
Skólinn hefur ekki frumkvæði að því að starfsfólk sækir sér endurmenntun
- Úrbætur:** Þetta undirstrikar enn þörf starfsmanna á því að endurmenntun þeirra sé tekin föstum tókum af sérstökum endurmenntunarstjóra.

**B2 Viðmiðanir; áherslur**

**B201 Uppeldiskenning; (belief-statement)**

- Styrkur:** Megintilgangur skólans vel sýnilegur og telur fólk að vel sé farið eftir lögum og reglugerðum. FS.
- Veikleiki:** Ekki allir á eitt sáttir um hvort nemendur geti allir notið réttar síns til menntunar og þroska
- Úrbætur:** E.t.v. Starfshópur sem endurskoðar markmiðin?

**B202 Námskipan - skilgreining námsleiða**

- Styrkur:** Námsleiðir skýrt fram settar FS
- Veikleiki:** Erfitt er að fá ákveðna niðurstöðu úr spurningum b,c og d.  
Óvissa um kennsluskiptingu Fr.St.

**B203 Einstaklingsþjónusta**

- Styrkur:** Að mörgu leyti er jafnræði í þjónustu. FS.  
Ánægja er með námsráðgjöf. SVÓT.
- Veikleiki:** Vantar stefnu um aðstoð við fatlaða. FS.  
Aðgengi fatlaðra er mjög slæmt.  
Nemandi sem þarf að staulast á hækjum upp í M2 er ekki öfundsverður.
- Úrbætur:** Bæta aðgengi fatlaðra.  
Lyfta!

**B204 Væntingar**

- Styrkur:** Skýrar væntingar til nemenda. FS.  
Nýlega lokið gerð starfsmannastefnu MA sem tekur á siða- og vinnureglum
- Veikleiki:** Sumir telja skólann þurfa að efla skilning foreldra á möguleikum "allra" nemenda til að skila árangri

### B205 Kröfur - innritun

- Styrkur:** Skólinn gerir sýnilegar kröfur til nemenda. FS.  
Flestir telja að skólinn viðurkenni góða vinnu og gott framlag með sýnilegum hætti - en þó ekki allir
- Veikleiki:** Mjög skiptar skoðanir eru um hvort skólinn vanti yfirlýsta stefnu varðandi viðbrögð til að fylgja eftir kröfum um árangur, þátttöku og vinnuskil
- Úrbætur:** Er æskilegt að samræma sem flest um þau viðbrögð sem viðhöfð eru "til að fylgja eftir kröfum um árangur, þátttöku og vinnuskil"

### B206 Metnaður

- Styrkur:** Skólinn sýnir metnað sem "samstaða" ríkir um. Árangursmarkmið til. FS  
Metnaður skólans talinn styrkleiki af sumu starfsfólki SVÓT
- Veikleiki:** Vantar að skilgreina ýmis markmið betur. Kannski þarf að gera markmiðin sýnilegri.
- Úrbætur:** Vantar að skilgreina ýmis markmið betur, t.d. markmið um lágt brottfall. Kannski þarf að gera markmiðin sýnilegri.

## B3 Aðbúnaður - starfsrammi

### B301 Kennslurými og aðstaða

- Styrkur:** Flestir ánægðir með húsnæði skólans og sérstaklega bókasafn . FS  
Aðstaða oft nefnd sem styrkleiki í SVÓT og heimavistin sem tækifæri  
Viðhald þykir gott
- Veikleiki:** Rask vegna framkvæmda við heimavist  
Misgóð aðstaða kennara

### B302 Félagsaðstaða - stuðningur við tómstundir

- Styrkur:** Nokkur ánægja með félagsaðstöðu (þó alltaf megi gera betur) FS  
Félagslíf nemenda styrkur skv. SVÓT sem og þjónusta við nem.
- Veikleiki:** Nemendur minnst á aðbúnað í Fjósi, tölvuaðgengi og lesaðstöðu á heimavist  
SVÓT

### B303 Tækni og búnaður

- Styrkur:** UT áætlun liggur fyrir, búnaður til taks (að mörgu leyti) FS  
Kennslugögn og kennslutæki þyka nokkuð góð. FS  
Tækjabúnaður sagður styrkur í SVÓT
- Veikleiki:** Stöðug endurnýjun á kennslutækjum (Fr.St.).  
Vantar fleiri tæknimenn og starfsmenn til að aðstoða kennara og nemendur (ein athugasemd SVÓT).  
Fleiri fasta skjávarpa vantar í stofur.  
Tölvukerfi hefur verið til vandræða.
- Úrbætur:** Gera viðhorfskönnun meðal nemenda og starfsfólks um tæki, búnað, kennslugögn

**B304 Starfsheimildir - (kostnaðarhlutföll)**

- Styrkur:** Flestir telja stefnumörkun varðandi þjónustu liggja fyrir FS
- Veikleiki:** Foreldrar, nemendur og starfsmenn koma ekki nægilega að stefnumörkun FS Starfsheimildir og (sérstaklega) rekstrarheimildir skortir FS Fjárhagur skólans er fólki áhyggjuefni. SVÓT
- Úrbætur:** Sjá A206-208

**B305 Sjálfstæði skólans (rekstur)**

- Styrkur:** Góð fjármálastjórnun (ein athugasemd í SVÓT) Sjá A206-208
- Veikleiki:** Ekki ljóst hvort skólinn hafi nauðsynlega ábyrgð á ráðstöfun fjármuna og framkvæmd fjárhagsáætlunar skv. FS. Fjárveitingar rekstraraðila ekki nægilega byggðar á tillögum skólans (stjórnenda/skólastjórnar) FS. Nemendur, foreldrar, starfsmenn og hagsmunaaðilar eru ekki aðilar að starfi við undirbúning og gerð áætlaða og ákvarðana um forgangsriðun að mati kennara. FS. Nemendur, foreldrar og starfsmenn hafa lítinn aðgang að samstarfi um framkvæmd fjárhagsáætlunar. FS Sjá A206-208
- Úrbætur:** Sjá A206-208

**B306 Þjónusta við nemendur**

- Styrkur:** Nemendur hafa aðstöðu til að mata sig en máltíðir eru aðeins á heimavist . FS Einhver skipulagður aðgangur er að húsnæði til félagsmála, lista og íþróttanna innan stundaskrár eða á vegum skólans á starfstíma en þó hlýtur það að mega vera meira. Góður aðgangur nemenda að þjónustu . FS. Margir nefna þjónustu við nem. sem styrk t.d. bókasafn og námsráðgjöf. SVÓT
- Veikleiki:** Greining á óskum og þörfum ekki nægilega byggð upp á grundvelli samráðs við nemendur og foreldra. FS. Mataraðstaða fyrir nema sem ekki eru á heimavist? Fara þeir þangað eða bara í byggðavegsbúð? (Fr.St.) Kalt í kvosinni, SVÓT
- Úrbætur:** Gera þjónustukannanir Bæta mataraðstöðu fyrir nemendur sem ekki eru á vistinni.

**B4 Stjórnun - skipulag**

**B401 Ákvarðanatataka**

- Styrkur:** Nokkur jákvæðni gagnvart því að ákvarðanir stjórnenda séu kynntar markvisst. (Skólarýnir). Í SVÓT-greiningu voru nefnd ágætis boðskipti sem hafa batnað með tilkomu tölvupóstsins, einn nefndi að boðleiðir væru býsna skilvirkar
- Veikleiki:** Meirihluti kennara virðist ekki vita hvort til er ákvarðanatökuferill innan skólans (Skólarýnir) Ekki til ákvarðanatökuferill Fleiri svara neitandi en játandi því hvor kallað sé eftir frumkvæði nem, kenn og foreldra. Það er ekki skrítiðþar sem spurt er um 3 hópa í einu. (Skólarýnir).

Flestir hlutlausir þegar spurt er eftir hvort ákvörðunum sé framfylgt (kannski skilur fólk ekki spurninguna).

Almennir kennarar hafa of lítil áhrif á ákvarðanatökuférl skólans, SVÓT

**Úrbætur:** Búa til ákvarðanatökuférl  
Leita meira eftir frumkvæði kennara og annarra við ákvarðanatöku

#### B402 Skipulagning stundaskrár (nýting námstíma)

**Styrkur:** Langflestir telja að nem. og foreldrum hafi verið kynntar reglur um mætingu, FS  
Flestir telja stundarskrá einnig skýra, FS.

Meirihluti telur að námstíminn sé vel nýttur til skipulagðs starfs nemenda, FS

**Veikleiki:** Nær helmingur svarenda veit ekki um forgangsatriði við stundarskrárgerð, FS.  
Meirihlutinn telur forfallaafleysingu ekki markvissa, FS

**Úrbætur:** Formlegri skilgreiningu á forgangsatriðum við gerð stundaskrár, þó þetta hafi verið kynnt á kennarafundi er það ekki nóg

#### B403 Skráning gagna - miðlun upplýsinga

**Styrkur:** Verið að taka upp FS  
Búið að taka í gagnið nýtt skjalastjórnunarkerfi

**Veikleiki:** 4 telja að skólinn hafi ekki nógu skipulagt kerfi á gögnum sem varða viðhorf, væntingar og þjónustu skólans (ekki skrítið þar sem spurt er um allt þetta í einu) 6 eru þó jákvæðir. Mjög skiptar skoðanir í þessum hluta, mikil dreifing svara.

**Úrbætur:** Vinna betur úr þeim gögnum sem til staðar eru

#### B404 Námseftirlit - miðlun og skýringar

**Styrkur:** Allar spurningarnar koma vel út í Skólarýni  
Námsráðgjöf sögð góð í SVÓT

#### B405 Starfsmannastjórnun

**Styrkur:** Ánægja með að velferð starfsmanna sé tryggð + aðbúnaður á vinnustað (Skólarýnir).  
6 á móti 3 telja að unnið sé markvisst að því að efla starfshæfni einstaklinga (Skólarýnir).  
Þróunarverkefni í stærðfræði var tilraun til þess að efla starfshæfni.  
Námskeið haldin hér í MA fyrir kennara.  
Haustþing, Þorrastefna m.a. haldin til þess að efla starfshæfni.

**Veikleiki:** Starfsmenn segja að endurmenntunaráætlun sé ekki til, FS.  
Furðulega margir vita ekki af starfsmannastefnunni (Skólarýnir).  
Vantar verkefnisstjóra í endurmenntun.  
Markvissar áfangakannanir ekki gerðar.

**Úrbætur:** Ráða endurmenntunarstjóra  
Gera endurmenntunaráætlun  
Gera áfangakannanir

#### **B406 Endurmenntun - þekkingarstjórnun**

- Styrkur:** Námskeið haldin hér fyrir kennara (hve mörg?)  
Húsping og þorrastefna ákveðin viðleitni til endurmenntunar.  
Málstofur haldnar - viðleitni til endurmenntunar.  
Í SVÓT-greiningu nefna 3 að það sé mjög jákvætt að kennarar hér séu hvattir til þess að sækja endurmenntunarnámskeið.  
Þróunarverkefni í stærðfræði.
- Veikleiki:** Ekki til endurmenntunaráætlun (Skólarýnir).  
Skólinn ekki með nægilegt fjármagn til þess að efla starfsþekkingu (Skólarýnir).  
Ekki fylgt eftir að kennarar sæki reglubundna símenntun (Skólarýnir).  
Ekki búið að ráða endurmenntunarverkefnisstjóra.  
Í SVÓT-greiningu töldu 3 menntunarstig kennara of lágt.  
Í SVÓT-greiningu kom fram að skólaárið hamlaði endurmenntun kennara.
- Úrbætur:** Ráða verkefnisstjóra í endurmenntun  
Búa til endurmenntunaráætlun.  
Breyta skólaárinu.  
Halda fleiri námskeið, kanna hugi fólks um hvaða námskeið það vill.

#### **B407 Samskiptasnið**

- Styrkur:** Mikill meirihluti telur ríkja góðan anda á vinnustað (Skólarýnir)  
Flestir telja að skólameistari sé meðvitaður um hvernig á að byggja upp traust samskipti í skólanum (Skólarýnir).  
Fleiri jákvæðir en neikvæðir þegar spurt eru um hvort samskipti starfsmanna á vinnustaðnum séu skilvirk (Skólarýnir).  
Í SVÓT-greiningunni kom fram að einn helsti styrkleiki skólans væri jákvætt andrúmsloft á vinnustað, góð samskipti og samvinna á meðal kennara (um 15 staðhæfingar voru sérstaklega um þetta).  
Húsping, þorrastefna, jólakaffi, ferðalög, árshátíðir, o.fl. stuðla að því að efla félagsanda, starfsmenn kynnast betur, kennarar og annað starfsfólk.
- Veikleiki:** Áberandi margir hlutlausir þegar spurt er hvort samskipti stjórnenda og starfsmanna séu byggð á skipulagðri upplýsingamiðlun og þegar spurt er um meðvitað samspil stjórnenda og starfsmanna varðandi ákvarðanatöku (Skólarýnir).  
2 staðhæfingar í SVÓT-greiningu: önnur um að skoðanaskipti innan skólans þurfi að vera einlægari og hin um að hver bygging skapi nokkurs konar klíku.
- Úrbætur:** Ákvarðanatökuférl skortir.

### **B5 Kennsla kennara - námsumgjörð**

#### **B501 Námsþópaskipan - námsráðgjöf og leiðsögn**

- Styrkur:** Fleiri svara því játandi en neitandi að til sé stefnumörkun varðandi ábyrgð og hlutverk kennara (Skólarýnir).  
Fleiri svara því játandi en neitandi að skólinn hafi rökstudda stefnu varðandi kennsluskiptingu og verkaskiptingu á milli deildarstjóra og kennara (Skólarýnir).  
Mjög jákvæð svör um að nemendur fái ráðgjöf um þær kröfur sem skólinn gerir varðandi ástundun og árangur (Skólarýnir).  
Námsráðgjafar ganga í alla 1. bekki og kynna mætingarkerfið og kröfur um árangur

**Veikleiki:** Fleiri svara því neitandi en játandi að kennarar fái skýrar línur frá stjórnendum varðandi útfærslu á kennslu og námsmáti (kannski er þetta frekar heima í styrkleikum, gott að kennarar hafi sjálfstæði í þessum efnum). Ekki til lýsing á þverfaglegu samstarfi, FS

#### B502 Aðlögun að einstakling - persónuleg ráðgjöf

**Styrkur:** Mjög jákvæð svörin við því hvort nemendum skólans sé veitt persónuleg ráðgjöf varðandi námsval og einkamálefni (Skólarýnir)  
Í SVÓT-greiningu komu um 19 athugasemdir um að góð námsráðgjöf, umsjónarkennarakerfi og persónuleg þjónusta við nemendur væri mikill styrkleiki við skólann.  
Fleiri svara því játandi en neitandi að skólinn beiti markvissum aðgerðum til að bregðast við falli í námsáföngum.  
Starfshlutfall námsráðgjafa er óvenjuhátt hér við skólann.  
Hér starfar skólalæknir og nemendur hafa aðgang að sálfræðingi og forvarnarfulltrúa

**Veikleiki:** Fleiri neita því en játa að það liggi fyrir yfirlýsing af hálfu skólans um þær kröfur sem gerðar eru til kennara um árangur í kennslu (Skólarýnir).  
Í ÓT-greiningu kom fram að fáeinum fannst of mikil áhersla lögð á „veikari“ nemendur skólans.

**Úrbætur:** Reyna að minnka brottfall og skilgreina hvað er ásætlanlegt brottfall

#### B503 Fagkennsla - þverfagleg samvinna

**Styrkur:** Allir svara jákvætt (eða hlutlaust) um að til sé áætlun í skólanum varðandi samfellu í kennslu einstakra greina (Skólarýnir).  
Jákvæð svörin við því hvort skólinn hafi byggt upp aðstöðu, tækni og þekkingu í samræmi við sérhæfðar þarfir greina (Skólarýnir)

**Veikleiki:** Fleiri svara neitandi en játandi um að samstaða ríki í skólanum um hver forgangur á milli fagsviða sé (Skólarýnir).  
Fleiri svara neitandi en játandi um hvort í gildi sé ákveðin stefna varðandi þverfaglega samvinnu kennara og stjórnenda (Skólarýnir).

#### B504 Samstarf kennara

**Styrkur:** Mjög jákvæð svörin við því hvort skólinn skipuleggur samskipti og samstarf kennara (Skólarýnir)  
Fundatafla er gerð á hverri önn í MA.  
Jákvæð svörin um hvort virk upplýsingamiðlun sé varðandi kennslu og námsgengi nemenda (Skólarýnir).  
Umsjónarkennarafundir haldnir þar sem upplýsingar eru veittar um þessi atriði.  
Á kennarafundi í lok hverrar annar er gerð grein fyrir námsgengi í eftir bekkjum og fögum.

**Veikleiki:** Óskýrt hvort yfirlýsing liggur fyrir varðandi ábyrgð stofnunar og starfsmanna gagnvart velferð og námsgengi nemenda.

**B505 Sjálfstæði nemenda - námstækni - kröfur og skil**

- Styrkur:** Starfsmenn svara því flestir játandi að til sé rökstudd stefnumörkun varðandi námsástundun og skil nemenda (Skólarýnir).  
Flestir starfsmenn telja að samstaða ríki um áherslur skólans varðandi ástundun og skil nemenda (Skólarýnir)  
Mætingarreglur eru skýrar, þær er að finna á vef skólans.
- Veikleiki:** Mótsagnakennd svör við því hvort foreldrum ólögráða barna sé ætlað skilgreint hlutverk varðandi nám barna sinna.  
Ekki til formlegar reglur um hvernig bregðast eigi við t.d. ef nemendur skila of seint.  
Foreldrafélag ekki til.
- Úrbætur:** Búa til viðmiðunarreglur um það hvernig bregðast eigi við því þegar nemendur skila verkefnum/ritgerðum of seint?  
Búa til viðmiðunarreglur um það hvernig eigi að bregðast við svindli - t.d. á hlutaprófum eða verkefnum.

**B506 Fjölbreytni í starfi - önnur skólareynsla**

- Styrkur:** Flestir svara að jafnræði ríki varðandi aðgang nemenda að tiltekinni reynslu utan námsgreina (Skólarýnir).  
Fleiri svara því játandi en neitandi að samstaða ríki um þær áherslur sem skólinn hefur valið í félagsmálum nemenda (Skólarýnir).  
Í SVÓT-greiningu nefna um 18 starfsmenn að félagslíf skólans sé öflugt og gott.  
Nokkrir til viðbótar nefna hversu jákvætt það er að tekist hefur að halda félagslífinu áfengislausu að mestu.
- Veikleiki:** Mótsagnakennd svör um hvort fyrir liggi stefnumörkun varðandi skipulega reynslu nemenda á sviðum sem falla utan namskrár einstakra greina (ekki skráðið, fáránlegt orðalag) (Skólarýnir).  
Mótsagnakennd svör um hvort skólinn hafi sett sért markmið varðand einhvern þátt á sviðum íþróttar, lista, umhverfismála (Skólarýnir).  
Tveir nefndu í SVÓT-greiningu að félagsstarf nemenda væri orðið of umfangsmikið, kæmi niður á námi.  
Félagsmálafulltrúa vantar.
- Úrbætur:** Ráða félagsmálaráðunaut.

**B6 Nemendur**

**B601 Aðkoma (andrúmsloft)**

- Styrkur:** "Andrúmsloft" mjög gott í skólanum.  
Skólinn er þrífalegur og umgengni góð.  
Góður starfsandi ríkir (SVÓT)
- Veikleiki:** Kvartað hefur verið undan því að erfitt sé fyrir ókunna að rata um hús skólans því merkingar skorti

#### **B602 Samskipti**

- Styrkur:** Samskipti á jafnréttisplani hvetjandi samskipti milli starfsmanna og nemenda
- Veikleiki:** Fleiri telja skólann hafa yfirlýsta stefnu varðandi viðbrögð við einelti eða yfirgangi, en kannski er þetta ekki nægilega afgerandi. Þessi liður er þess eðlis að hann verður að vera skýr!

#### **B603 Agi - brottfall**

- Styrkur:** Námsráðgjöf þykir góð (sjá einnig SVÓT)  
Skólinn er með forvarnarfulltrúa og skýra forvarnarstefnu  
Mætingarreglur eru mjög skýrar
- Veikleiki:** Minnihluta starfsmanna er kunnugt um að fyrir liggja einhver sérstök afstaða eða leiðbeiningar frá skólanum um æskilega framkomu nemenda og starfsmanna (þó hefur þetta verið tekið fyrir í starfsmannastefnu skólans).

#### **B604 Reglur - viðurlög**

- Styrkur:** Skólareglur skýrar  
Foreldrum eru kynntar skólareglur á foreldradögum (í okt.) þar sem þeir fá færi á að tjá sig um þær.
- Veikleiki:** Það virðist ekki vera almenn vitneskja starfsfólks um að skólinn hafi "lagt upp rökræðu og samstarf við nemendur og foreldra um viðurlög, punktakerfi eða formlegt samskiptakerfi vegna frávíka".

#### **B605 Áhættuhegðun**

- Styrkur:** Í gegnum sterku liðina hér skín í gegn það álit starfsfólks að vel sé staðið að nemendavernd í skólanum.  
Hér starfa tveir námsráðgjafar og einn forvarnarfulltrúi.
- Veikleiki:** Veiku liðirnir hér sýna að kannski mætti hafa markvissara eftirlit og skráningu á áhættuhegðun nemenda og að starfsfólk skólans sé ekki nægilega vel undirbúið til að glíma við áföll í lífi nemenda. (Á þetta hefur svo sannarlega reynt hjá kennurum fyrsta bekkjar í vetur 2002/2003).
- Gögn:** Fyrir liggja ýmsar kannanir, bæði frá opinberum aðilum og nemendum hér í skóla, en ekki er unnið markvisst með niðurstöður þeirra.
- Úrbætur:** Er hægt að loka betur á vefi sem birta klámefni?  
Námskeið í áfallahjálpi?

#### **B606 Forvarnir**

- Styrkur:** Nemendavernd í fyrsta flokki - Forvarnarstefna skólans og -framkvæmd góð.
- Veikleiki:** Starfsmenn telja að utanákomandi aðilar komi ekki með nægilega virkum hætti að forvarnarstarfi í skólanum.



## B7 Foreldrar - samstarf

### B701 Stefnumörkun

**Styrkur:**

**Veikleiki:** Starfsmenn vita ekki hvort það liggur fyrir heildstæð skilgreining á samstarfi við foreldra að frumkvæði skólans. FS  
Frekara samstarf við foreldra vantar. FS og SVÓT  
Umræðu um samstarf skólans og foreldra vantar, t.d. um hvort stofna eigi foreldrafélag.

### B702 Samskipti - form

**Styrkur:** Heimasíða með skipulegri miðlun upplýsinga. FS  
Samskipti við foreldra t.d. kynningardagur

**Veikleiki:** Starfsmenn telja að skólinn geri ekki skýra kröfu til foreldra um þátttöku í samstarfi á vegum skólans. FS  
Skólinn gefur varla kost á samskiptum og þátttöku foreldra í starfi sem fram fer utan dagvinnutíma þó að margir svari nú jákvætt í FS(?)

### B703 Virkni - gagnkvæmni

**Styrkur:** Samskipti við foreldra nýnema

**Veikleiki:** Ekki skipulegt samstarf við foreldra FS  
Samstarf við hagsmunaaðila ekki nægilegt FS  
Samstarfsaðilar hafa lítið frumkvæði að starfi eða uppákomum innan skólans FS.

### B704 Námsframvinda

**Styrkur:** Forráðamenn upplýstir um námsframvindu FS (mætti það samt ekki vera betra?)  
Inna veitir forráðamönnum ósjálfráða nemenda færi á að fylgjast betur með mætingum og einkunnum.

**Veikleiki:** Skólinn hefur lagt fram rökstudda ákvörðun varðandi ástundun náms og skil og áherslur sem nemendum og foreldrum hefur verið kynnt skv. FS en Fr.St. að það sé greinilega ekki alveg svo sbr. bréf sem barst vegna stærðfræðikennslu 2003.  
Foreldrar hafa ekki mikla aðild að námsferlinu FS

### B705 Önnur þátttaka

**Styrkur:** Markviss skráning neyðarupplýsinga FS. (Er hún ekki annars markviss? Eru upplýsingarnar alltaf réttar?)

**Veikleiki:** Foreldrar og samstarfsaðilar hafa litla möguleika til að taka frumkvæði að starfi með nem. FS  
Sjálfbóðaliðastörf foreldra og þess háttar þekkt varla FS  
Ekki er ljóst hvort ánægja sé meðal foreldra og velunnara með samstarf við skólann.

## C Árangur

### C1 Árangur nemenda

#### C101 Einkunnir - kennslugreinar

- Styrkur:** Kröfur skólans eru ljósar á vef skólans  
Kröfur skólans eru ljósar í kennsluáætlunum  
Kennarar telja að nemendur séu að skila góðum árangri (FS)
- Veikleiki:** Ekki unnið út frá persónulegum markmiðum nemenda  
Skólinn kallar ekki eftir frumkvæði nemenda til að setja persónuleg markmið  
Ástundun og árangur nemenda ekki nægur (SVÓT)
- Úrbætur:** Stofna samstarfshóp nemenda úr hagsmunaráði og fulltrúa kennara til þess að móta tillögur um árangursmarkmið.  
Gera viðhorfskönnun um persónuleg markmið nemenda  
Setja skýr markmið um að hverju skuli stefna í sambandi við brottfall og árangur

#### C102 Sjálfsmat - sjálfsmynd

- Styrkur:** Nemendur koma í MA með mynd af sér sem góðum námsmönnum, FS  
Námsráðgjafar bjóða með reglubundnum hætti upp á sjálfsstyrkingarnámskeið og prófkvíðanámskeið  
Námsmarkmið nokkuð tengd við hugmyndir þeirra um framtíðarstarfið, FS  
Margar kennslugreinar hvetja nemendur með jákvæðri umbun með símati (sbr. kennsluáætlanir)
- Veikleiki:** Sjálfsmynd nemenda ekki styrkt á markvissan hátt í skólanum, FS  
Skólinn vinnur ekki sérstaklega að því að efla stöðu innan fjölskyldu og félagahóps, FS
- Úrbætur:** Að lokinni könnun þarf markvisst að tengja kennslu sjálfsmynd nemandans

#### C103 Persónuleg hæfni

- Styrkur:** Öflug námsráðgjöf (SVÓT), FS  
Öflugt umsjónakennarakerfi (SVÓT), FS.
- Veikleiki:** Skólinn hefur ekki útfært hvernig á að efla persónulegan þroska nemenda, sértæka hæfileika og áhugasvið, FS.
- Úrbætur:** Kennarar hafi það markmið að efla persónulega færni nemenda að leiðarljósi í starfi sínu.

#### C104 Félagsleg hæfni

- Styrkur:** Öflugt vel skipulagt félagsstarf nemenda, FS, SVÓT.  
Skólinn eflir umburðarlyndi nemenda (FS), kennsluáætlun í FÉL 103.
- Veikleiki:** Ekki nógu margir þátttakendur í félagsstarfinu, ( fella þurfti niður MA-VMA daga, enginn Ratatoskur í ár).  
Ekki sérstakur félagsmálafulltrúi af hálfu skólans.  
Sumum finnst félagslíf taka of mikinn tíma frá náminu, SVÓT

**Úrbætur:** Tengja saman félagsstarf nemenda og annað starf þeirra í skólanum betur.  
Auka þátttöku hins almenna nemenda í félagslífi.  
Skoða kannanir nemenda í FÉL 302 sem eru um félagslíf

**C105 Viðhorf - lífshættir og úthald**

**Styrkur:** Almenn t jákvæð svör í FS.  
Markmið skólans er að búa nemendur undir háskólanám.  
Vímuefnavarnarstefna skólans hvetur nemendur og starfsfólks til „ábyrgs lífs”.  
Nemendur eru hvattir til ábyrgðar með verkefnum og prófum.  
Bekkjakerfið styður liðsheildina.

**Úrbætur:** Viðhorfskönnun á meðal nemenda

**C106 Annar árangur**

**Styrkur:** Eldri nemendur hafa jákvæða upplifun af skólaveru sinni, FS  
Skólahátíð MA 16. júní er vel sótt.  
Eðlisfræðikeppni  
Efnafraeðikeppni  
Stærðfræðikeppni  
Þýskubraut  
Áfallaáætlun  
Nemendaverndarráð  
Forvarnarfulltrúi  
Öflug námsráðgjöf, hlúir að nemendum sem standa höllum fæti, FS, SVÓT

**Veikleiki:** Ekki markvisst og skipulega unnið með afburðanemendur í öllum greinum.  
Ekki markvisst og skipulega unnið með getuminni nemendur í öllum greinum.

**Úrbætur:** Gera könnun sbr. upplýsingar sem skortir.

**C2 Traust - ánægja hagsmunaaðila**

**C201 Ánægja starfsfólks - sjálfsvirðing**

**Styrkur:** Góð vinnuaðstaða starfsfólks, FS, SVÓT  
Starfsfólk áhugasamt fyrir nýjungum og umbótum, FS  
Góður starfsandi, SVÓT  
Starfsmenn áhugasamir um viðgang starfseminnar, SVÓT  
Starfsmenn skila vinnu sinni í samræmi við kjarasamninga, FS

**Veikleiki:** Ný starfsmannastefna sem ekki hefur verið útfærð í reynd

**Úrbætur:** Gera viðhorfskönnun starfsfólks

**C202 Ánægja nemenda - árangursvilji**

- Styrkur:** Nemendur eru metnaðarfullir fyrir hönd skólans, FS, og sbr. stuðningur við lið skólans í gettu betur, morfís eða söngvakeppni.  
Nemendur ganga vel um skólann, skemmdarverk ekki unnin.  
Almennt líður nemendum vel, FS.
- Veikleiki:** Ástundun nemenda ekki nógu jöfn alla önnina
- Úrbætur:** Gera viðhorfskönnun á meðal nemenda

**C203 Ánægja foreldra - metnaður**

- Styrkur:** Mjög jákvæð útkoma í FS
- Veikleiki:** Ekki skipulegt samstarf við foreldra eða samstarfsaðila, SVÓT
- Úrbætur:** Leggja viðhorfskönnun fyrir foreldra

**C204 Samstaða - samstarf við yfirvöld**

- Styrkur:** Skólinn nýtur virðingar, SVÓT.  
Skólinn hefur leitað eftir samstarfi við yfirvöld, m.a. við gerð skólasamnings
- Veikleiki:** Starfsfólki er ekki ljós hvert stefnumótun er sótt, finnst hún ekki sótt til starfsfólks, FS
- Úrbætur:** Gera viðhorfskönnun á meðal starfsfólks um stefnumótun

**C205 Virðing skólans - viðurkenning yfirvalda**

- Styrkur:** Skólinn nýtur virðingar í samfélaginu, FS, SVÓT.  
Litið á skólann sem frumkvöðul, SVÓT.  
Skólinn lengi talinn "bestur" og aðrir miðað sig við hann, SVÓT
- Veikleiki:** Erfitt að halda stöðugu frumkvæði, t.d. í upplýsingatækni.  
Neikvætt álit almennings á stærðfræðikennslu, SVÓT.  
„Íhaldsöm snobbmynd", SVÓT
- Úrbætur:** Leggja fyrir viðhorfskönnun til almennings um virðingu og stöðu skólans

**C206 Væntingar um árangur skólans**

- Styrkur:** Það er reiknað með að nemendur skólans skili góðum árangri, FS.  
Skólanum er þakkað ef nemendur hans standa sig vel, FS.  
Skólinn hefur það í markmiðum sínum að búa nemendur undir háskólanám.
- Úrbætur:** Vantar opna umræðu um árangur í skólanum  
Kanna gengi útskrifaðra stúdenta úr MA í framhaldsnámi

**C207 Samskiptaumhverfi - samvitund um vægi skólans**

**Styrkur:**

Skólinn fær þó nokkra athygli í fjölmiðlum, sbr. að mótmæli 40 kennara við hávaðasömu flugi herflugvéla var frétt nr. 2 í ríkisútvarpinu. Starfsfólk heldur uppi merki skólans, FS. Skólinn tekur virkan þátt í hátíðahöldum á vegum Akureyrarbæjar, t.d á 17. júní, FS

## Samantekt á helstu veikleikum og styrkleikum skólans

### **Styrkleikar:**

Helstu styrkleikar skólans eru vel menntað, áhugasamt og jákvætt starfsfólk, hvetjandi andrúmsloft og jákvæð samskipti bæði á meðal nemenda og starfsfólks. Gott félagslíf, öflugt þroskandi og vímuefnalaust. Jákvætt orðspor, gamlar hefðir, skólinn nýtur virðingar í samfélaginu. Öflug nemendavernd og bekkjarkerfi (SVÓT).

### **Veikleikar:**

Helstu veikleikar skólans: Áhugi, ástundun, árangur nemenda. Skólaárið (SVÓT).

## Úrbætur

### **1. Úrbætur sem þarf að vinna að strax:**

Breyta skólaárinu. Afar brýnt að breytingin verði undirbúin strax haustið 2003.

Ráða endurmenntunarstjóra, gera endurmenntunaráætlun, halda fleiri námskeið og ekki bara námskeið tengd tölum. Kanna þarf hvaða námskeið starfsmenn hafa mestan áhuga á að sækja og halda þau hér á Akureyri í byrjun annar eða í lok annar. Nú þegar er byrjað að vinna að þessum breytingum því ætlunin er að auglýsa stöðu verkefnisstjóra í endurmenntun í byrjun haustannar 2003.

Ráða félagsmálafulltrúa. Nú þegar er búið er að auglýsa stöðuna félagsmálafulltrúa og mun hann taka til starfa í byrjun haustannar 2003.

Stofna foreldrafélag. Brýnt að skólinn hafi frumkvæði að því að stofna foreldrafélag. Það stendur til að gera haustið 2003.

Stjórnendur þurfa að vera meðvitaðir um að umbuna og hrósa starfsfólki fyrir vel unnin verk.

Skilgreina þarf á formlegan hátt forgangsatriði við gerð stundaskrár. Slík forgangsöröðun var reyndar kynnt á kennarafundi síðasta vetur en nauðsynlegt er að útbúa skriflegt plagg og setja þar sem kennarar hafa góðan aðgang að því (samskrá).

## **2. Úrbætur sem þarf að undirbúa sem fyrst**

Endurskoða markmið skólans – skýra þau, gera þau mælanlegri. Heppilegt væri að stofna starfshóp nemenda og kennara til þess að vinna að þessu.

Skoða möguleika hvað varðar aukið og fjölbreyttara námsframboð.

Stofna vinnuhóp sem hefur það að markmiði að bæta áhuga, árangur og ástundun nemenda.

## **3. Úrbætur sem vinna þarf að í náinni framtíð**

Miðla betur reynslu af þróunarstarfi til nýs starfsfólks og annarra skóla, halda reynslunni til haga.

Hafa yfirsýn yfir styrki og styrkjakerfi. E.t.v. gæti það heyrt undir verksvið endurmenntunarstjóra.

Leita meira til kennara og starfsfólks við ákvarðanatöku.

## Næstu skref í sjálfsmatinu

1. Endurskoða þarf verkáætlunina og m.a. að gera hana nákvæmari (eins og bent er á að sé nauðsynlegt í greinargerð úttektaraðila).
2. Setja þarf endurskoðaða verkáætlun á netið eða gera hana opinbera með öðrum hætti (eins og bent er á að þurfi í greinargerð úttektaraðila).
3. Leggja fyrir kannanir, bæði áfangakannanir fyrir nemendur og þjónustukannanir fyrir starfsfólk. Sennilega er heppilegast að leggja kannanir fyrir nemendur í desember og þarf að huga að undirbúningi fyrir það strax í september.
4. Hugsa þarf að því hvernig hægt sé að fá foreldra með í sjálfsmatið. Fyrirhugað er að koma foreldrafélagi á laggirnar í haust og það þarf að skoða hvernig hægt er að fá foreldrafélagið til þess að taka þátt í sjálfsmatinu. Heppilegt væri að skoða könnun sem Harpa Jörundardóttir, o.fl. gerði á viðhorfum starfsfólks til foreldrafélags.
5. Kanna árangur stúdenta frá MA með einum eða öðrum hætti.

### Að lokum:

Starfshópur um sjálfsmat í Menntaskólanum á Akureyri þakkar öllum þeim sem komu að greiningu á ógnunum og tækifæri í starfi skólans og svöruðu spurningum í Framhaldsskólaryni.

Menntaskólanum á Akureyri  
25. júní 2003

Alma Oddgeirsdóttir

Anna Sigríður Davíðsdóttir

Frímann Stefánsson

Guðjón H. Hauksson

Jón Már Héðinsson